

REIKNINGUR

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð árið 1927.

T e k j u r :

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	236 10
2. Afgjald af Hlíð í Grafningi	—	250 00
3. Vextir	—	14 33

 Kr. 500 43

G j ö l d :

1. Styrkur veittur	kr.	200 00
2. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	300 43

 Kr. 500 43

Reykjavík, 27. júlí 1928.

Eggert Briem. Páll Melsteð.

E M B Æ T T I M. M.

19. ágúst 1927 var síra Hálfðán Helgason skipaður sóknarprestur í Mosfellsprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi.

6. janúar var Einari M. Jónassyni allramildilegast vikið frá sýslumannsembætti í Barðastrandarsýslu.

14. janúar var Jón bóndi Fjalldal á Melgraseyri, skipaður oddviti yfirkjörstjórnar Norður-Ísafjarðarsýslukjördæmis við alþingiskosningar, í stað præp. hon. síra Páls Ólafssonar í Vatnsfirði, er samkvæmt beiðni hefir verið veitt lausn frá oddvitastörfum.

1. febrúar voru þeir Jón Ólafsson og Zophonías Baldvinsson, bifreiðarstjórar, báðir í Reykjavík, skipaðir skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstað, Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Jafnframt voru þeir skipaðir til að gegna prófdómarastörfum við bifreiðastjórpróf í sömu umdæmum.

18. febrúar var sóknarprestinum í Möðruvallaklaustursprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, síra Jóni Þorsteinssyni, veitt lausn frá prestsskap, frá fardögum 1928 að telja.